

Vettvangsferð

Mín framtíð 2019 –

Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning

Kæru foreldrar og forráðamenn,

Nemendur í 9. og 10. bekk Rimaskóla munu fara í vettvangsferð í Laugardalshöll þann 14. mars kl.10

Markmið ferðarinnar er að gefa nemendum tækifæri til að kynna sér ólíkar starfsgreinar og námsframboð framhaldsskóla.

Í Laugardalshöll munu 33 framhaldsskólar kynna námsframboð sitt, bæði bóklegt og verklegt. Náms- og starfsráðgjafar, kennarar og fulltrúar nemenda verða á staðnum og svara fyrirspurnum um námið, félagslífið og inntökuskilyrði.

Á sama tíma fer fram Íslandsmót iðn- og verkgreina sem að jafnaði er haldið á tveggja ára fresti. Í þetta sinn munu nemendur í 28 verkgreinum keppa sín á milli um Íslandsmeistararitill í sinni grein. Sigurvegurum gefst síðan kostur á að keppa á Evrópukeppni iðn- og verkgreina í Graz í Austurríki 2020. Okkar nemendur fá tækifæri til að fylgjast með þessu unga fólki takast á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reynir á hæfni, fagmennsku og skipulagshæfileika. Einnig gefst þeim kostur á að snerta á og prófa hluti undir handleiðslu fagfólks í ýmsum greinum.

Nemendur fara í Laugardalshöllina í rútum í fylgd náms- og starfsráðgjafa og kennurum Rimaskóla. Tekið verður á móti okkur í Laugardalshöllinni þar sem heimsóknin mun hefjast á stuttri kynningu um atburðinn á sal. Síðan verður okkur fylgt inn í sýningarsalinn.

Nemendur munu hafa 2 klukkustundir til að ganga um og kynna sér það sem ber fyrir augum og eru hvattir til að vera duglegir að spyrja, skoða, snerta og prófa. Í lok heimsóknarinnar eiga nemendur að mæta í anddyri hallarinnar þar sem við munum bíða eftir þeim og fylgja þeim út í rútu.

Laugardaginn 16. mars er Fjölskyldudagur milli kl. 10 – 16. Frítt er inn og geta gestir tekið þátt í margvíslegum skemmtilegum þrautum og leikjum. Hægt verður m.a. að prófa að helluleggja, klippa, flétta, krulla eða slétta hár, teikna grafík í sýndarveruleika, splæsa net, fara í ratleik, fara á ýmis örnámskeið, mæla blóðþrýsting, planta fræjum, upplifa þrívíddarprentun, setjast upp í rafmagnskappakstursbíl, læra um BMX hjól, smíða, prófa vélmenni, bora, taka þátt í að útbúa lengstu blómaskreytingu sem gerð hefur verið á Íslandi og margt fleira skemmtilegt.

Sjáumst á Mín framtíð 2019 – Íslandsmóti iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu í Laugardalshöll 14. – 16 mars.

#MinFramtíð

